

Mál nr. 112/2020**M og
V vegna slysatryggingar launþega.****Ágreiningur um slyshugtak váttryggingarskilmála vegna líkamstjóns 23. mars 2018.****Gögn.**

Málskot mótttekið 25. mars 2020 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 6. apríl 2020.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, sem undirrituð er 22. ágúst 2018 af hálfu M, kemur fram að hann hafi verið að þvo dælu þegar samstarfsmaður hans óskaði eftir aðstoð við að losa stíflu. M hafi þá þurft að fara niður þrep og stokkið úr síðasta þrepinu niður á jörðina og „... lendir illa og fær verk í hné.“ Einnig kemur þar fram að neðsta þrep dæluunnar hafi verið hærra en hann hafi verið vanur á þeirri dælu sem hann var vanur. Í gögnum málsins kemur fram að slysið hafi verið samþykkt af hálfu Sjúkratrygginga sem slys í skilningi laga um slysatryggingar almannatrygginga nr. 45/2015.

M telur að um slys hafi verið að ræða í skilningi váttryggingarskilmála slysatryggingar launþega hjá V þar sem sama skilgreining komi fram á hugtakinu slys og í 1. mgr. 5. gr. laga um slysatryggingar almannatrygginga. M vísar til þess að hann hafi lent illa þegar hann stökk úr tröppu niður á malbik og í því felist utanaðkomandi áhrif í skilningi slyshugtaksins, en V hafi ekki sýnt fram á að líkamstjón hans sé rakið til innra ástands líkama hans. Einnig vísar M til dóma Hæstaréttar og héraðsdóma máli sínu til stuðnings.

V telur að líkamstjón M hafi komið til vegna misstigs og það eitt og sér sé ekki vegna utanaðkomandi atburðar í skilningi slyshugtaks slysatryggingar launþega. V vísar einnig til úrskurða nefndarinnar máli sínu til stuðnings.

Álit:

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi stigið eða stokkið niður úr neðstu tröppu við dælu og lent illa á vinstri hné. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að M hafi hrasað í tröppunni eða annars konar utanaðkomandi atvik eða atburður hafi truflað þá atburðarás að hann steig úr tröppunni niður á jörðina. Sá slyngur sem hefur komið á hné M þegar niður kom verður ekki talinn til utanaðkomandi atburðar og þau meiðsli sem af hlutust verður því að líta á sem eitthvað sem brestur innan líkama M. Fellur slíkt ekki undir gildissvið slysatryggingar launþega eins og það er skilgreint með svokölluð slyshugtaki í 2. gr. váttryggingarskilmála, en þar kemur fram að um skyndilegan, utanaðkomandi atburð verði að vera að ræða sem gerist án vilja váttryggðs, til þess að líkamstjón verði bætt úr þeirri váttryggingu. Ekki er því um að ræða bótaskyldu úr slysatryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 12. maí 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.